



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um fjölda barna á biðlista eftir skólaþjónustu sem glíma við skólaforðun

Á fundi borgarráðs 26. janúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Á biðlista eftir fagþjónustu skólaþjónustu bíða nú 2048 börn, langflest eftir aðstoð sálfræðings þ.e. skimun, greining, viðtöl vegna kvíða og annarra tilfinningalegra og félagslegra erfiðleika. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hversu mörg börn á þessum lista glíma við skólaforðun á einhverju stigi. Kvíði og þunglyndi eru helstu áhættuþættir þegar kemur að skólaforðun auk tilfinningavanda og hegðunarörðugleika. Það er því grafalvarlegt mál ef börn sem glíma við slíka vanlíðan eru látin bíða eftir aðstoð á biðlista lön og don. Rannsókn sýnir að 2,2% íslenskra barna treysta sér ekki til að mæta í skólann. Kvíði og þunglyndi eru helstu áhættuþættir samkvæmt nýlegri umfjöllun í Fréttablaðinu. Um þúsund íslensk börn glíma við skólaforðun og treysta sér ekki til að mæta í skólann samkvæmt rannsóknum.

Svar:

Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda barna á biðlista eftir skólaþjónustu sem glíma við skólaforðun.

Samræmdar verklagsreglur skóla- og frístundasviðs um skólasókn gefa skólunum verkfæri til að fylgjast náið með skólasókn nemenda og greina hvaða ástæður liggja að baki en þær geta verið af ýmsum toga og allar einstaklingsbundnar.

Heildarfjöldi fjarvistarstiga og fjöldi veikindadaga hjá hverjum nemenda gefa nokkuð glögga mynd af umfangi mögulegs skólasóknarvanda. Upplýsingum um fjölda barna sem vegna fjölda fjarvistarstiga eru á 4. þrepi og 5. þrepi var safnað miðlægt í lok þessa skólaárs. Þegar litið er til allra 36 almennu grunnskólanna er hlutfall nemenda sem eru á 4. þrepi vegna fjölda fjarvistarstiga að meðaltali 4,5%. Hlutfall nemenda sem eru á 5. þrepi vegna fjölda fjarvistarstiga er 3,1%.